

**Fundur haldinn í Menningarráði Norðurlands vestra,
þriðjudaginn 24. september 2013, kl. 13.00**

Á fundinn voru eftirtaldir mættir: Björg Baldursdóttir, Guðný Kjartansdóttir, Adolf H. Berndsen, Ragnar Smári Helgason, Bjarni Jónsson og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Úthlutun verkefnastyrkja - aukaúthlutun

Síðari hluta ágúst var auglýst eftir umsóknum um verkefnastyrki með umsóknarfresti til og með 16. september. Fyrir fundinum lágu 20 umsóknir þar sem óskað var eftir tæpum 10 milljónum í styrki. Menningarráð samþykkti styrki til 10 aðila, samtals að upphæð 2,9 milljónir króna.

Við afgreiðslu einstakra umsókna var fylgt lögum um vanhæfi nefndarmanna.

2. Mat á menningarsamningi

Með hliðsjón af ákvæðum í menningarsamningi við ríkið 2011-2013 var Capacent falið að gera sameiginlega úttekt á öllum menningarsamningunum við landshlutana sjö. Margvísleg gögn hafa verið send til úttektaraðila og í júní sl. var vinnustofa á Blönduósi þar sem farið var yfir þróun menningarsamningsins.

Nú hafa úttektaraðilar sent drög að matsskýrslunni, þ.e. þann hluta sem tengist vinnustofunni á Norðurlandi vestra og þeim gögnum sem hafa verið send. Engar ályktanir eða niðurstöður liggja fyrir í meðfylgjandi drögum.

Menningarráð fór yfir drögin og telur þau vera nokkuð góða samantekt af vinnustofufundinum og endurspeglar þann anda sem ríkti þar um að menningarsamningurinn sé að skila vel hlutverki sínu. Í drögunum er þó svolítið um staðreyndavillur og/eða misskilning og var menningarfulltrúa falið að senda Capacent þær ábendingar.

Menningarráð óskar eftir að sjá þær ályktanir sem dregnar verða af þessum drögum út frá því uppleggi sem lagt var upp með í 1. kafla á lýsingu á verkþáttum úttektarinnar.

3. Aðalfundur menningarráðs

Aðalfundur menningarráðs verður haldinn föstudaginn 18. okt. nk., kl. 09.00, í tengslum við ársþing SSSNV. Farið var yfir dagskrá fundarins.

Fyrir fundinum lágu einnig drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2014. Menningarráðið samþykkti drögin og verða þau lögð fyrir aðalfund til afgreiðslu.

4. Málþing um handverk

Lögð voru fram drög að málþingi um handverk sem stefnt er að halda á Blönduósi 2. nóv. nk. Málþingið er að frumkvæði menningarfulltrúa og í samráði við félög handverksfólks, Textílsetur Íslands og Handverk og hönnun. Menningarráð lýsti yfir ánægju sinni með málþingið og samþykkti að greiða útlagðan kostnað við það.

5. Önnur mál

Menningarráð samþykkti að leggja eftirfarandi tillögu fyrir 21. ársþing SSNV:

Ályktun um menningarmál

21. ársþing SSNV, haldið á Sauðárkróki 17.-19. okt. 2013, leggur áherslu á framhald menningarsamnings við ríkið en núverandi samningur rennur út í lok þessa árs. Mikilvægt er nýr samningur verði a.m.k. til þriggja ára.

Framkvæmd menningarsamningsins hefur gengið vel og öflugur stuðningur við menningarstarf er mjög mikilvægur þeim fjölmörgu aðilum á svæðinu sem því sinna.

Þingið hvarmar þær skerðingar sem hafa verið á framlagi ríkisins á undanförunum árum, einkum á stofn- og rekstrarstyrkjum. Þingið krefst þess að úr þessu verði bætt.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 15.30.
Ingibergur Guðmundsson